



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 5. desember kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður og Rebekka Eiríksdóttir. Egill Sigurgeirsson mætti ekki. Einnig sátu fundinn Kristján Ingi Arnarsson byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, ekkert mál barst. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð fundar skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 10. október 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1609007 – Fjárhagsáætlun Reykhólahafnar 2017.

Farið yfir fyrirbyggjandi gögn. Gert er ráð fyrir 5 millj. kr. í tekjur og 7,5 millj. kr. í kostnað.

Niðurstaða ársins verði 2 millj. kr. í tap.

Rætt var um þróngan fjárhag hafnarinnar og lítil umsvif, sem gera það að verkum að erfitt er að reka höfnina nema með halla. Verið er að uppfæra ýmis öryggisatriði á höfninni þessi misseri og verður framhald á næsta árið.

Nefndin samþykkir fjárhagsáætlun ársins 2017 samhljóða.

3. 1612005 – Stofnun athafnalóða á athafnasvæði í Flatey og sölumeðferð, lóðir merktar A1 og A2 á deiliskipulagi.

Nefndin leggur til að stofnaðar verði lóðir sem teknar eru fram á nýju skipulagi á Tröllenda.

Nefndin leggur einnig til að lóðum A1 og A2 verði úthlutað skv. almennum skilmálum

Reykhólahrepps um lóðaúthlutun og lóðargjöld, lóðarleigusamningur verið gerður um þær og aðrar lóðir, þar sem mannvirki eru fyrir.

4. 1612002 – Umsókn um niðurrif fasteignar – Geymsluskúr á athafnasvæði í Flatey.

Umsókn frá Reykhólahreppi 2. desember 2016.

Nefndin samþykkir umsóknina samhljóða, fyrir liggur að skúrinn er mjög illa farinn og er

fokhætta af honum. Skúrinn stendur á landi sveitarfélagsins á athafnasvæðinu á Tröllenda.

5. 1612002 – Brekka 139543, umsóknir um stofnun lóða, Brekka 2 og Brekka 3.

Umsóknir frá Einar Hafliðasyni, nóvember 2016.

Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi lóðarblöð og stofnun lóða Brekku 2 og Brekku 3. Samþykkt samhljóða.

6. 1505002 – Deiliskipulag Kvígindisfjörður.

Fyrir nefndinni liggja drög að fornleifaskráningu sem unnin er af Óskari Arnarssyni

fornleifafræðingi. Byggingafulltrúa falið að fylgja málinu eftir og auglýsa skipulagið þegar

fornleifaskráning liggur fyrir og skráning fornleifa hefur verið færð inn á skipulagsupprátt. Samþykkt samhljóða.

7. 1501010 – Deiliskipulag Kirkjuból.

Fyrir nefndinni liggja drög að fornleifaskráningu sem unnin er af Óskari Arnarssyni fornleifafræðingi. Byggingafulltrúa falið að fylgja málinu eftir og auglýsa skipulagið þegar fornleifaskráning liggur fyrir og skráning fornleifa hefur verið færð inn á skipulagsupprátt. Samþykkt samhljóða.

8. 1612006 – Reykhólar 139639 – umsókn um stofnun lóðar Mávaflöt.

Umsókn frá Tómasi Sigurgeirssyni móttækin 5. desember 2016.

Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar Mávaflöt í landi Reykhóla. Samþykkt samhljóða.

9. 1605014 – Hellisbraut 72 – stofnun lóðar fyrir eldsneytisdælur.

Nefndin samþykkir stofnun lóðar Hellisbraut 72, eldsneytisdælur. Samþykkt samhljóða.

10. 1509015 – Endurskoðun á áætlun hafna um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.

Athugasemdir frá Umhverfisstofnun.

Sveitarstjóra falið að lagfæra áætlunina skv. athugasemdum frá Umhverfisstofnun. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar:

11. 1501010 – Deiliskipulag athafnasvæðis við Tröllenda í Flatey.

Staðfesting Skipulagsstofnunar dagsett 10. nóvember 2016.

Lagt fram og kynnt.

12. 1612003 – Ályktun 40. Hafnasambandsþings um umhverfismál.

Ályktun lögð fram.

13. 1612004 – Stefnumörkun fyrir Hafnasamband Íslands.

Stefnumörkun lögð fram.

14. 1603003 – Fundargerð 389. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____